

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 181/2012

2012/EES/70/29

frá 28. september 2012

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/83/ESB falla úr gildi frá og með 13. júní 2014 tilskipun ráðsins 85/577/EBE ⁽²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB ⁽³⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum frá og með 13. júní 2014.
- 3) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB):
„7i. **32011 L 0083**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 93/13/EBE) og lið 7e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 L 0083**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).“
3. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 85/577/EBE) og liðar 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB) falli brott frá og með 13. júní 2014.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/83/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64.

(²) Stjtið. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31.

(³) Stjtið. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.